

Nd.

641. Framhaldsnefndarálit

[17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun rikisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Í nál. 1. minni hluta á þskj. 608 var gefin vísbinding um þá miklu lánsfjárþörf sem staðið er frammi fyrir miðað við þá tekjustofna sem frv. byggir á, — ef Alþingi samþykkti frv. með þeim breytingum sem efri deild hefur gert.

Auk þess var sýnt fram á að ekki er um að ræða aukningu á heildarfjármagni inn í félagslega kerfið frá því sem upphaflegt frv. gerði ráð fyrir. Þvert á móti stendur fjárhagsgrundvöllur félagslegra íbúðabygginga ekki eins traustum fótum — vegna aukningar sem skapast á lánfjárþörf. Þrýstingurinn mun einnig aukast geisilega yfir á félagslega kerfið, — ef fjármagn er dregið frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. Í því sambandi ber að hafa í huga að um ⅔ af félögum innan ASÍ hafa tekjur umfram það mark að geta fengið keyptar íbúðir í verkamannabústöðum.

Breytingartillögur efri deildar stefna því fjárhagsgrundvelli húsnæðiskerfisins í heild í mikla tvísýnu, jafnt félagslegum íbúðarbyggingum sem í almenna íbúðarlánakerfinu, auk þess sem draga verður í efa ávinning almenna lánakerfisins til íbúðarbygginga frá því sem er, — sem nú stendur í mikilli óvissu fjárhagslega eftir breytingar efri deildar.

Nú liggja fyrir viðbótarupplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, sem eru hluti af umbeðnum upplýsingum frá félagsmálanefnd, og eru birtar á sérstöku þingskjali. Þær upplýsingar staðfesta enn frekar visbendingar 1. minni hluta á þskj. 608 um að fjárhagsgrundvelli íbúðarbyggingakerfisins í heild er stefnt í mikla tvísýnu.

Þó æskilegt hefði verið að biða eftir frekari útreikningum Þjóðhagsstofnunar áður en frv. verður samþykkt, — og gagnrýna megi málsméðferð frv. á Alþingi varðandi fjármögnunarþáttinn sérstaklega, þá mun Alþýðuflokcurinn styðja framgang húsnæðismálalöggjafarinnar í trausti þess að fjármögnunarþáttur frv. verði endurskoðaður af ríkisstjórninni þegar allir útreikningar liggja fyrir, á þann hátt að hægt sé að standa við skuldbindingar frv.

Þingmenn Alþýðuflokksins eru heirrar skoðunar, að með breytingum þeim, sem efri deild hefur samþykkt á frumvarpinu fyrir tilmæli ríkisstjórnarinnar, standi fjárlöfun hins opinbera húsnæðislánakerfis í algeru uppnámi, eins og allar talnalegar upplýsingar, sem fram hafa verið lagðar, benda til, og sé svo er ávinningur launa-fólks við samþykkt frumvarpsins léttvægur, því mestöll baráttan er þá eftir. Staðfesti reynslan þessa skoðun Alþýðuflokksins áskilja þingmenn flokksins sér rétt til þess að taka fjármögnunarþátt lánakerfisins sérstaklega upp aftur á Alþingi.

Alþingi, 29. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir.